

Arctic Sea Farm hf.

Aðalstræti 20 8

400 Ísafjörður

Reykjavík, 3. febrúar 2020

UST201901-285/H.S.J.

08.12.02

**Efni: Reglubundið eftirlit, 13.11. 2019, hjá Arctic Sea Farm, Patreksfirði og Tálknafirði**

Þann 13. nóvember sl. fór fram eftirlit í Arctic Sea Farm, Patreksfirði og Tálknafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin ný frávik komu fram við eftirlitið en ein ábending var gerð.

Enn er opið frávik vegna umgengni á athafnasvæði rekstraraðila á flugbrautinni við Sandodda frá því í summar. Þann 13. janúar sl. var óskað eftir uppfærslu á tímasettri úrbótaáætlun vegna fráviksins, samhliða útgáfu eftirlitsskýrslu vegna starfsemi Arnarlax í Patreksfirði og Tálknafirði, og frestur til skila áætlunarinnar gefinn til 20. janúar. Uppfærð áætlun barst í tölvupósti þann 20. janúar sl.

Virðingarfyllst

  
Hulda Soffía Jónasdóttir  
sérfræðingur

  
Halla Einarsdóttir  
teymisstjóri

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Vestfjarða

**Eftirlit með fiskeldisstöð****Kvíældi****Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti**

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Brottfallinn starfsleyfisflokkur:
Arctic Sea Farm	12. og 13.11.19	Patreks- og Tálknafjörður	2
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhend:	Gerð stöðvar:
700807-0450	26.08.35		Laxeldi í kvíum allt að 6800 tonn

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			Lífmassi í Tálknafirði tær 290 tonn og í Patreksfirði tær 1250 tonn um miðjan nóv.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			<p>Nýtt leyfi var gefið út í kjölfar úrskurðar haust 2018 um ógildingu 6800 tonna leyfis sem var gefið út í desember 2017. Undanþága, sem var í gildi frá ógildingu (október 2018) að útgáfu nýs leyfis, var gefin út fyrir að hámarki 600 tonna eldi og ekki mátti setja út fisk fyrr en í maí 2019. Einnig bar rekstraraðila að fylgja öðrum starfsleyfisskilyrðum ógilds starfsleyfis á meðan undanþágan væri í gildi.</p> <p>Nýtt leyfi var gefið út í ágúst sl.</p> <p>Seiði sett út á undanþáguleyfi í vor í Patreksfirði og eftir útgáfu nýs leyfis í Tálknafirði.</p> <p>Áætlað að fá fóðurpramma í Tálknafirði á næstu dögum, líkt og er kominn í Patreksfjörð.</p>
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			Góðar skráningar í Fish Talk og EQS.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?	X			Núllskýrsla barst 16. apríl.
Grænu bókhaldi og útstremmisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?	X			Núllskýrslur bárust 16. apríl.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlunar	X			Aðgengilegt á bátum og prömmum. Í lagi.

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Kvíældi**

aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)				Rekstraraðili hyggst uppfæra áætlanir þegar fóðurprammi verður tekinn í gagnið í Tálknafirði.	
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Ekki krafa.	
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			Í gildi.	
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Í lagi, rekstraraðili uppfærir m.t.t. meðhöndlunar dauðfisks þegar fóðurprammi hefur verið tekinn í notkun í Tálknafirði.	

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			Unnið eftir vottunarkröfum ASC þó vottunin sé ekki komin. Áætlað að fá ASC vottun í vor.
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			Unnið eftir vaxtarlíkönum og fóðurtöflum í Fishtalk. Fóðrað með myndavélakerfi og blæstri af pramma í Patreksfirði, en enn sem komið er er blásið af vinnubát í Tálknafirði. Áætlað er að taka upp myndavélaþórun þar líka þegar nýr prammi verður tekinn í notkun á næstu dögum.
Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	X			Skráð í grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi. Losunin verður ákvörðuð eftir árið 2019 þar sem enginn fiskur var úti 2018.
Hvernig er fylgst með uppsöfnun fóðurleifa – þarf að fylgjast með? Er mikil af þörungablóma eða fugli í nágrenninu?	X			Vel fylgst með í myndavélaþórun og einnig var fylgst vel með hvernig fiskur tók í Tálknafirði. Kafarar skoða botn við almennt viðhald kvía. Enginn fugl sjáanlegur né mikill þörungablómi.

## Eftirlit með fiskeldisstöð

### Kvíaeldi

Er staðsetning kvía skv. starfsleyfi?	X			Já
Hver er fjöldi kvía, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar?	X			<p>Þegar eftirlitsheimsóknin fór fram voru 11 kvíar úti í Tálknafirði með um 286 tonnum, tæplega 1400 þús fiskar úti og meðalþyngd um 200 g þéttleiki í öllum kvíum undir 1 kg/m<sup>3</sup>.</p> <p>8 kvíar úti í Patreksfirði með um 1243 tonn, rúmlega 1100 þús fiskar, meðalþyngd rúmt 1,1 kg. Þéttleiki í kvíum 3-9 kg/m<sup>3</sup></p>
Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð?	X			<p>Október 2020 í Patreksfirði.</p> <p>Ágúst 2021 í Tálknafirði.</p> <p>Slátrað á Bíldudal í aðstöðu Arnarlax. Arctic Protein tekur við slógi.</p> <p>Útsett verður næst á þessi svæði eftir 6 mánaða hvíld, svo í fyrsta lagi 2021 í Patreksfirði og 2022 í Tálknafirði.</p>
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka?	X	X		<p>Engin sjósýni voru tekin fyrir útsetningu til viðmiðunar.</p> <p>Rekstraraðili hugðist taka sýni fyrir ármót. Skv. vöktunaráætlun verða sjósýni ávallt tekin við hámarks-lífmassa.</p>
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			<p>Dauðfiskur fer í meltutank í Patreksfirði og frystigeymslu í landi sem er sótt af Klofningi í Tálknafjörð fer dauðfiskurinn í meltu. Hordafor mun sækja meltu úr prömmum þegar að því kemur.</p> <p>Pokar undan fóðri fara til Terra í endurvinnslu, haldið utan um magn frá hverri staðsetningu fyrir sig.</p>
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?		X		Uppfæra þarf í samræmi við samþykkta gæðapætti í strandsjó.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.	X			Grunnsýnatökuskyrslum vegna bæði Kvígindisdals og Hvannadals hefur verið skilað.

## Eftirlit með fiskeldisstöð

### Kvíældi

Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Ekki er kveðið á um aðrar mælingar í starfsleyfi.	
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	X			Við hámarkslífmassa á bæðum svæðum. Bæði nærvæðis og sniðvöktun (MOM-B og MOM-C í NS9410). Akva Plan Niva.	

### Niðurstöður síðasta eftirlits:

Ágúst 2019: Eitt frávik kom fram er varðar meðhöndlun úrgangs og umgengni á athafnasvæði á vegum Arctic Sea Farm og Arnarlax (Fjarðalax) í Sandodda, Patreksfirði.

2018: Enginn fiskur var í sjó á svæðinu á vegum rekstraraðila. Komnar voru festingar fyrir kvíar og og tveir kvíahringir en engin net. Ekkert frávik kom fram en þrjár ábendingar voru gerðar.

<b>Samantekt:</b>	Enn er opið frávik vegna umgengni á athafnasvæði rekstraraðila á flugbrautinni við Sandodda frá því í sumar. Eftirlitsaðili og fulltrúi Arnarlax fóru aftur á svæðið í október sl. og skoðuðu aðstæður og framvindu. Greinilegt var að mikil verk var óunnið. Eftirlitsaðili óskaði eftir uppfærslu á tímasettri úrbótaáætlun vegna fráviksins þann 13. janúar sl. og gaf til þess einnar viku frest. Uppfærð úrbótaáætlun barst 20. janúar sl.
<b>Annað:</b>	Eftirlitsaðili bendir á að vöktunaráætlun skal m.a. taka mið af gæðapáttum í strandsjó, samþykktum af Umhverfisstofnun og Hafrannsóknastofnun, sem og öðrum leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Stofnunin óskar því eftir að áætlunin verði uppfærð í samræmi við leiðbeiningar eftirlitsaðila. Í eftirlitinu var kynnt fyrir rekstraraðila hvernig ákvörðun tíðni eftirlita framvegis mun byggja á áhættumati Umhverfisstofnunar skv. reglugerð nr. 550/2018, sem og kynntar breytingar á lögum nr. 7/1998 m.t.t. græns bókhalds/umhverfisupplýsinga.

Undirskrift eftirlitsmanns: Hulda S. Jónasdóttir

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Arctic Sea Farm hf Patreksfjörður og Tálknafjörður



Dags eftirlits	13.11.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Arctic Sea Farm hf	Eftirlitsmaður	
Heimili	Aðalstræti 20	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	700807-0450	Flokkur	Fiskeldi
Fullrúi fyrirtækis	Steinunn Guðný Einarsdóttir	ÍSAT nr.	
Fullrúi fyrirtækis		Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Enn er opið frávik vegna umgengni á athafnasvæði rekstraraðila á flugbrautinni við Sandodda frá því í sumar. Engin ný frávik komu fram við eftirlitið en ábending var gerð vegna uppfærslu vöktunaráætlunar

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Umhverfisstofnun með vísan í 57. gr reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

## ÁBENDINGAR

Eftirlitsaðili bendir á að vöktunaráætlun skal m.a. taka mið af gæðapáttum í strandsjó, samþykktum af Umhverfisstofnun og Hafrannsóknastofnun, sem og öðrum leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Stofnunin óskar því eftir að áætlunin verði uppfærð í samræmi við leiðbeiningar eftirlitsaðila.

## ANNAÐ

Eftirlitsaðili óskaði eftir í tölvupósti þann 13. janúar sl. uppfærslu á tímasettri úrbótaáætlun vegna fráviks sem kom fram í sumar og varðar umgengni á athafnasvæði á vegum Arnarlax og Arctic Sea Farm í Sandodda, Patreksfirði. Frestur til að skila uppfærðri áætlun var gefinn til 20. janúar. Uppfærð áætlun barst í tölvupósti þann 20. janúar sl.

Í eftirlitnu var kynnt fyrir rekstraraðila hvernig ákvörðun tíðni eftirlita framvegis mun byggja á áhættumati Umhverfisstofnunar skv. reglugerð nr. 550/2018, sem og kynntar breytingar á lögum nr7/1998 m.t.t. græns bókhalds/umhverfisupplýsinga.

Eftirlitsaðili bendir á að skráning á losun fosfórs skal koma fram í ársyfirliti á forminu kg/tonn.

Einnig minnir Umhverfisstofnun á að rekstraraðila ber að tilkynna stofnuninni með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara áður en seiði eru sett út í kvíar sem og tilkynna ef kvíar eru fluttar til á eldissvæðinu.

Reykjavík, 03.02.2020

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Hulda Soffía Jónasdóttir